Jesúm." Svona mundu líklega flest börnin svara. Öll góðu börnin mundu svara á þessa leið, og börnin eru flest góð. Og þið, litlu börn, sem farið í sunnudagsskólann af því þið *viljið* það sjálf, hafið óendanlega mikið gagn af því. Það hjálpar ykkur til að verða að góðum, siðlegum og ráðvöndum drengjum og stúlkum. Það hjálpar ykkur til að læra, virða, elska og eignast guðs orð. Það hjálpar ykkur til að læra að halda hvíldardaginn heilagan, og sækja stöðugt og reglulega guðsþjónustur safnaðarins, og öðlast þá náð heilags anda, sem því er samfara. Það kennir ykkur, að að eins með einu móti getur æskumaðurinn haldi vegi sínum hreinum—með því að halda sér fast við guðs orð. Það hjálpar ykkur til að umgangast gott og kristið fólk og líkjast því. Það hjálpar ykkur til að bera mótlætið í lífinu með þreki og stillingu, og til að þola meðlætið með hógværð, lítillæti og sjálfsafneitun. Já, í stuttu máli, það hjálpar ykkur til að verða að góðum og dugandi mönnum og konum, mannfélaginu til blessunar og uppbyggingar.

Til þessa farið hið þá, börnin mín, í sunnudagsskólann. Guð blessi ykkur og hjálpi ykkur öllum til þess. G. P.

---

## *KÆR GESTUR.*

„Unga Ísland" kom að heiman frá Reykjavík og heimsótti „Börnin" hérna á dögunum. Þau fögnuðu hinum nýja gesti, og óska þess, að hann komi sem oftast. Fegin vilja þau koma heim til hans aftur í staðinn.

---

## *SVAR UPP Á FYRIRSPURN.*

„Börnin" hafa verið spurð að því, hvort þau tækju við greinum aðsendum og kvæðum.—Já, með mestu ánægju taka þau við öllu, sem *gott er, gagnlegt* og *holt fyrir börnin.*

---

„*Sameiningin*" kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*"—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.", hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna": Selkirk, Man. — „Börnin" koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam." og „Barnanna".

*Address*: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.